

Margrét Bóasdóttir.

## Kórastefna

Fyrsta kórastefnan á Íslandi verður við Mývatn um helgina. Hún hófst í gær og endar á sunnudag. Fjölmargir kórar víðs vegar af landinu taka þátt í stefnunni og verða lokatónleikarnir á sunnudag þar sem hátíðarkór Kórastefnunnar syngur. Einsöngvari á þeim tónleikum er Margrét Bóasdóttir.

## Bjartir dagar

**HNÚKAÞEYR:** Blásaraoktettinn Hnúkaþeyr heldur tónleika í Hafnarfjarðarkirkju í kvöld kl. 20 og flytur verk eftir Nepomuk Hummel, Beethoven og Gordon Jacob. Í sveitinni eru Ármann Helgason, Rúnar Óskarsson, Eydís Franzdóttir, Peter Tompkins, Anna Sigurbjörnsdóttir, Ella Vala Ármannsdóttir, Darri Mikaelsson og Kristín Mjöll Jakobsdóttir.



## Tónleikar 15:15

**LOKATÓNLEIKAR:** Á morgun kl. 15.15 verða haldnir lokatónleikar í 15:15 tónleikasyrpunni í Borgarleikhúsinu. Þetta eru aðrir tónleikarnir í syrpu frá Finnlandi og má búast við sannkallaðri sumarstemningu enda blanda af verkum fyrir einleiksharmoníku sem byggjast á finnskum þjóðlögum og dönsum, ásamt tveimur verkum fyrir óbó og strengi.




**FRAMKVÆMDASTJÓRINN:** Gísli Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri sjónvarpsstöðvarinnar Aksjón á Akureyri.




## Humar og Stríð

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús skrýðist nýjum búningi í kvöld þegar þar verða opnaðar þrjár sýningar, hver annarri ólík, þótt hugmyndafræðilega megi auðveldlega tengja þær saman. Fyrst er að nefna sýninguna, Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár þar sem blandað er saman tónlist, ljósmyndum, kvikmyndum og texta frá Smekkleysu.

Önnur sýningin er Innsýn í alþjóðlega samtímalist á Íslandi. Eins og nafnið gefur til kynna verður þar sýnd alþjóðleg samtímalist sem er í eigu íslenskra listasafna og einstaklinga. Ingólfur Arnarson myndlistarmaður hefur valið verkin á sýninguna og meðal höfunda þeirra eru Dieter Roth, Karin Sander og Donald Judd.

Þriðja sýningin er ný þemasýning úr Erró-safneigninni. Hér er viðfangsefnið stríð, deilur og átök og er yfirskrift hennar Erró – Stríð. Deildarstjóri sýningardeildar Listasafnsins, Þorbjörg Gunnarsdóttir, hefur valið verkin.




HLEÐSLU BORVÉL Nýtt

Hraðskiptipatróna
..sparar tíma og eykur afköst!

ÍSÓL
Ármúli 17, 108 Reykjavík
sími: 533 1234 fax: 568 0499

FESTOOL